

## **Starfssamningur Sveitarstjóra**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kt: 540602-4410 og Kristófer A. Tómasson kt: 060865-5909 gera með sér svohljóðandi samkomulag um starf Kristófers sem sveitarstjóra í fullu starfi frá 16. Júní 2018 til loka núverandi kjörtímabils þ.e. 12. Júní 2022. Kristófer mun sjá um framkvæmdarstjórn sveitarfélagsins umrætt tímabil.

- 1 Verksvið sveitarstjóra fer eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011**
- 2 Um almenn starfskjör og réttindi sem ekki eru tilgreind frekar í samningi þessum fer eftir kjarasamningi félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS ) þ.m.t. réttindi um orlof lífeyrisréttindi og annað sem þar kemur fram.**
- 3 Föst mánaðarlaun sveitarstjóra eru kr: 1.000.000 auk 30 tíma eftirvinnu á mánuði. Launin taka breytingum eftir launavísitölu Hagstofunnar tvívar á ári í janúar og júlí. Sveitarstjóri fær ekki greitt sérstaklega vegna setu á fundum nefnda á vegum sveitarfélagsins né fyrir setu á fundum í sveitarstjórn. Vinnutími sveitarstjóra getur verið sveigjanlegur.**
- 4 Sveitarstjóri fær greitt fyrir afnot af eigin bifreið í þágu sveitarfélagsins ef ferðast er út úr sveitarfélagini samkvæmt framlagðri akstursdagbók og skal greitt pr. Km. Samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins hverju sinni. Kostnaður við síma og internettengingu sveitarstjóra skal greiddur úr sveitarsjóði.**
- 5 Annar kostnaður sveitarstjóra svo sem vegna viðveru á fundum og kostnaður í tengslum við námskeið í þágu sveitarfélagsins og annað sem við kemur störfum hans á vegum sveitarfélagsins skal greitt úr sveitarsjóði, samkvæmt framlögðum reikningum.**



- 6 Sveitarstjóri fær greidd laun í allt að sex mánuði eftir lok kjörtímabilsins sé hann ekki kominn í annað starf en aldrei skemur en í þrjá mánuði eftir að kjörtímabili lýkur þann 12 júní 2022. Sveitarstjórn sem þá verður kjörin getur óskað eftir vinnuframlagi sveitarstjóra í allt að tvo mánuði í byrjun þess tímabils.
- 7 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartímanum eru sex mánuðir.

*Árb.*  
*22.08.2018*

F.h. Sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

F.h. Sveitarstjórnar  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer A. Tómasson

*Kristófer A. Tómasson*